



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

2. árg. 6. tölublað. Júní 2008.

EFNI:

Athyglisverðar
tölur úr
Krabbameinsskrá
1957–2006 **bls. 1**

Biðlistar vegna
skurðaðgerða
á sjúkrahúsum **bls. 2**

Umsóknir um
aðgang að
gögnum úr
heilbrigðisskrám **bls. 3**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthias Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

ATHYGLISVERÐAR TÖLUR ÚR KRABBAMEINSSKRÁ 1957–2006

Krabbameinsfélag Íslands gaf nýlega út vandað rit um krabbamein á Íslandi 1957–2006. Ritstjórar þess eru Jón Gunnlaugur Jónasson, prófessor og yfirlæknir Krabbameinsskrárinnar, og Laufey Tryggvadóttir, faraldsfræðingur og framkvæmdastjóri skrárinnar.

Ritið, sem ber heitið *Krabbamein á Íslandi, upplýsingar úr Krabbameinsskrá fyrir tímabilið 1957–2006*, er nú gefið út í annað skipti, en kom fyrst út í tilefni 50 ára afmælis Krabbameinsskrárinnar árið 2004. Það hefur að geyma nýjustu tölfræðilegar upplýsingar um krabbamein sem greinst hafa hér á landi og eru allar tölur uppfærðar frá því sem var í útgáfunni fyrir fjórum árum.

Krabbameinsskráin hefur frá upphafi verið rekin af Krabbameinsfélagi Íslands fyrir hönd landlæknis sem ábyrgðaraðila skrárinnar, en með lögum um landlækni, sem tóku gildi 1. september 2007, fékk Krabbameinsskráin formlega lagastoð.

Nær 1300 ný tilfelli á ári




Í ritinu kemur fram að nú greinast tæplega 1300 Íslendingar með krabbamein árlega. Frá upphafi Krabbameinsskrárinnar hefur árlegt aldursstaðlað nýgengi aukist jafnt og þétt. Líkur þess að fá krabbamein aukast með hækkandi aldri. Þjóðin er að eldast og til að fá raunhæfan samanburð um fjölda nýrra tilvika á ári hverju er gerð svokölluð aldursstöðlun, sem leiðréttir fyrir breytingum á aldri þjóðarinnar.

Borið er saman nýgengi milli hveira fimm ára tímabila, en nýgengi er hér mælt sem

fjöldi nýrra tilvika á 100.000 manns eftir að aldursleiðrétting hefur verið gerð, sjá mynd 1. Er athyglisvert að árlegt aldursstaðlað nýgengi hefur aukist hjá báðum kynjum frá fyrsta tímabilinu, sem var 1957–1961 og fram á næstsíðasta tímabilið, þ.e. 1997–2001. Milli síðustu tveggja mælingatímabilanna, þ.e. 1997–2001 og 2002–2006 er hins vegar óveruleg hækkun á tíðninni hjá karlmönnum og í fyrsta sinn lítilsháttar lækkun á tíðni hjá konum. Fróðlegt verður að sjá hver þróunin verður á næstu árum.

Bættar lífshorfur þeirra sem greinast með krabbamein

Athyglisvert er að þrátt fyrir stöðuga aukningu aldursstaðlaðs nýgengis allt fram til mælingatímabilsins 1997–2001 hefur árleg aldursstöðluð dánartíðni haldist lítið breytt þegar öll krabbamein eru tekin saman, sjá mynd 2. Sú staðreynd að aldursstöðluð dánartíðni hefur haldist mikið til óbreytt



Hlutfall þeirra krabbameins-sjúklinga sem eru á lífi eftir fimm ár hefur aukist jafnt og þétt.

Þrátt fyrir 50% aukningu á nýgreindum krabbameinum endurspeglar bættar lífs-horfur þeirra sem greinast með krabbamein. Bættar lífshorfur má einkum þakka miklum framförum í meðferð krabbameina en einnig því að þau greinast nú fyrr en áður. Á fræðilegu máli er talað um að lifun krabbameins-sjúklinga hafi batnað. Lifun gefur til kynna hve stórt hlutfall sjúklingahóps er á lífi eftir tilskilinn tíma, en oft er miðað við fimm ár. Á mynd 3, bls. 2, sést hvernig hlutfall þeirra krabbameinssjúklinga sem eru á lífi eftir fimm ár hefur aukist jafnt og þétt.

Það krabbamein sem hefur langhæst ný-gengi meðal karla hér á landi er krabbamein í blöðruhálskirtli en brjóstakrabbamein hjá konum. Lungnakrabbamein er í öðru sæti hjá báðum kynjum. Hjá körlum er ristilkrabbamein í þriðja sæti, en sortuæxli í húð eru komin í þriðja sæti hjá konum. Nýgengi magakrabbameins hefur lækkað ört og er nú tæplega sjötti hluti þess sem það var í upp-hafi krabbameinsskráningar, bæði hjá

körlum og konum. Hins vegar er aukning á nýgengi krabbameins í blöðruhálskirtli um það bil sjöföld, en þar hafa nýjar og breyttar aðferðir við að finna og greina meinið að öllum líkindum haft meiri áhrif á nýgengið en í nokkru öðru meini. Krabbamein í brjosti hafði hæsta nýgengið hjá konum fyrir 40-50 árum og svo er enn, en ríflega tvöföldun hefur orðið á tímabilinu. Skipulögð leit að leghálskrabbameini hjá konum hófst 1964 á Íslandi og í kjölfar hennar lækkaði nýgengi þess um helming í stað þess að aukast næstu áratugina eins og gerðist í löndum þar sem ekki var boðið upp á skipulagða leit.

Margvíslegar fleiri athyglisverðar upplýsingar um krabbamein á Íslandi er að finna í þessu vandaða riti Krabbameinsfélagsins. Er þess að vænta að bókin nýtist vel öllum þeim sem starfa að heilbrigðismálum á Íslandi og ennfremur öllum þeim sem leita eftir upplýsingum um krabbamein og faraldsfræði þeirra.

Matthías Halldórsson

BIÐLISTAR VEGNA SKURÐAÐGERÐA Á SJÚKRAHÚSUM Í

Nýlega voru birtar á vef Landlæknis-embættisins upplýsingar um biðlista eftir völdum aðgerðum á sjúkrahúsum í júní 2008 en embættið stendur fyrir reglulegri innköllun og úrvinnslu biðlistaupplýsinga þrisvar sinnum á ári. Þegar sjúklingar hafa beðið lengur en þrjú mánuði eftir aðgerð er talað um biðlista, en sé biðin styttri er talað um vinnulista enda þykir slík bið eðlileg með tilliti til skipulags sjúkrahúspjónustu.

Athygli vekur að biðlisti vegna hjarta-þræðinga hefur styst verulega ef miðað er við sama tíma árið 2007, sjá mynd 1. Nokkuð auknar fjárveitingar eru taldar eiga þátt í að skýra þessa þróun.



Meðal annarra biðlista sem halda áfram að styttest má nefna listann á háls-, nef- og eyrnadeild.

Eins og áður bíður allstór hópur fólks eftir aðgerð vegna skýs á auga. Nýlega gerði heilbrigðisráðherra samning við augn-læknastofur um þessar aðgerðir, en áhrifa þess er varla farið að gæta á listum sjúkrahúsanna enn sem komið er. Fróðlegt verður að sjá þennan lista við næstu mælingu.

Biðlisti vegna gerviliðaaðgerða á hnjám stendur nánast í stað frá síðustu mælingu en þá hafði hann lengst töluvert, sjá mynd 2. Fjöldi þessara aðgerða eykst

jafnt og þétt. Kemur þar einkum tvennt til, annars vegar að þjóðin er að þyngjast og svo hins vegar að aðgerðirnar verða sífellt öruggari, þannig að breiðari aldurshópur fer í þessar aðgerðir.

Sigríður Haraldsdóttir



Það krabbamein sem hefur langhæst nýgengi meðal karla hér á landi er krabbamein í blöðruhálskirtli en brjóstakrabbamein hjá konum.

UMSÓKNIR UM AÐGANG AÐ GÖGNUM ÚR HEILBRIGÐISSKRÁM

Landlæknisembættið hefur gefið út á vefnum [leiðbeiningar vegna umsókna](#) um aðgang að úrtaki gagna úr heilbrigðisskrám landlæknis. Ennfremur hefur verið útbúið sérstakt [eyðublað](#) sem rannsakendur þurfa að fylla út hyggist þeir sækja um aðgang að gögnum úr heilbrigðisskrám embættisins. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni skal hann skipuleggja og halda skrár á landsvísu um heilsufar, sjúkdóma, slys, lyfjaávisanir, fæðingar og starfsemi og árangur heilbrigðisþjónustu. Kveðið er á um skyldur landlæknis til að halda tiltekin gagnasöfn í ýmsum öðrum lögum, s.s: lyfjagagnagrunn skv. lyfjalögum og vistunarmatsskrá í samræmi við lög um málefni aldraðra. Tilgangur heilbrigðisskráa er að afla þekkingar á heilsufari og heilbrigðisþjónustu, hafa eftirlit með þjónustunni og tryggja öryggi, gæði og árangur þjónustunnar. Lög um landlækni gera ennfremur ráð fyrir að heilbrigðisskrár séu notaðar í vísindarannsóknum. Það eyðublað og leiðbeiningar sem hér um ræðir er ætlað til notkunar þegar vísindamenn sækja um aðgang að heilbrigðisskrám vegna rannsókna sinna.

Margvísleg tölfræði sem gefur yfirlit yfir ýmsa þætti heilsufars og heilbrigðisþjónustu er reglulega unnin úr heilbrigðisskrám. Að auki fer fram ýmiss konar tölfræðivinnsla í þeim tilgangi að hafa eftirlit með gæðum og árangri heilbrigðisþjónustu. Sé þess óskað að Landlæknisembættið framkvæmi tiltekna tölfræðivinnslu úr heilbrigðisskránum, umfram hina reglubundnu, er ætlast til að framangreint eyðublað sé notað.

Heilbrigðisskrár landlæknis eru mikilvægur efniviður til vísindarannsókna, ýmist einar og sér eða í tengslum við önnur gögn. Heilbrigðisskrár landlæknis innihalda staðlaðar grunnupplýsingar sem gera það að verkum að hægt er að framkvæma ýmsar rannsóknir fljótt og án mikils kostnaðar eða mannaflafrerkrar gagnaöflunar. Án landskráa af þessu tagi myndu margar rannsóknir aldrei vera gerðar ýmist sökum kostnaðar eða vegna þess að unnið væri með of smáa hópa til þess að rannsóknir skiluðu áreiðanlegum niðurstöðum.

Sigríður Haraldsdóttir

*Biðlisti vegna
hjartaþræðinga
hefur styst verulega
ef miðað er við
sama tíma
árið 2007*